

Kirkjuárið

25. tími



Tilgangur:


Læra um kirkjuárið

Hvað er kirkjuár?

Kirkjuár er dagatal sem Kaþólska kirkjan notar til þess að minnast hinna ýmsu leyndardóma í lífi Jesú. Með því að nota þetta dagatal, vitum við hvaða hátíð, eða hvaða þætti í ævi Jesú kirkjan er að hugleiða.

Hvers vegna notum við sérstakt dagatal?

Við erum kristin og það mikilvægasta í lífi sérhvers kristins manns er Jesús: Jesús verður að vera miðpunkturinn í lífi okkar sem erum kristin. Og kirkjuárið hjálpar okkur að muna alla leyndardóma í lífi Jesú, alveg frá fæðingu hans til upprisú ... það er eins og við fylgjum Jesú allt hans líf, á hverju ári!




Tímabil kirkjuársins

Kirkjuárið skiptist í sex tímabil eða hluta.

- 1. Aðventutími:** Þá búum við okkur undir fæðingu Jesú. Þetta er tími tilhlökkunar; við bíðum eftir Jesú, sem er í móðurkviði Maríu Meyjar. Þessi tími varir í 4 vikur.
- 2. Jólatími:** Þetta er tími til að fagna... Jesús er fæddur!

3. **Almennur tími:** á þessum tíma hugleiðum við líf Jesú og kenningar hans á meðan hann lifði á jörðinni og kraftaverkin sem hann gerði. Þetta er lengsta tímabilið og skiptist í tvo hluta: Það fyrra hefst eftir jólatímann og það seinna eftir pásكاتímann.
4. **Langafasta:** þessi tími er mjög mikilvægur, vegna þess að við undirbúum okkur fyrir stærsta leyndardóm lífs Jesú: Þjáningu hans og dauða. Þetta eru 40 dagar til þess að fylgja Jesú, tími til þess að iðrast og til þess að hugga Jesú, sem þjáðist svo mikið fyrir okkur.
5. **Dymbilvika:** þetta er mikilvægasti tími ársins: Jesús þjáist, deyr og er upprisinn svo að við getum komist til himnaríkis með honum. Við verðum að leitast við að fylgja Jesú í þjáningum hans og gleðjast svo yfir upprisu hans.
6. **Pásكاتími:** gleðin yfir upprisunni er svo mikil að kirkjan tileinkar henni fimmtíu hátíðardaga! Þetta er Pásكاتíminn: dagar til að fagna, af því að Jesús er lifandi, og við getum nú komið í himnaríki með honum!

Kirkjuárinu lýkur á mikilvægri hátíð: Hátíð Krists Konungs.



Litir kirkjuársins

Á hverju tímabili kirkjuársins notum við sérstakan lit, sem hjálpar okkur að lifa betur leyndardóminn sem við hugleiðum. Það eru fjórir aðal litir:



Grænn

*Við notum grænt í **almennum tíma**. Það er liturinn sem táknar vonina sem Jesús, Guðs Sonur, gefur okkur.*




Fjólublár

*Þessi litur táknar undirbúning og iðrun. Þess vegna er það notað á tveimur iðrunartímabilum: **aðventu** og **föstu**.*



Hvítur

*Hvítur táknar Guð, svo það er litur gleði, hreinleika og friðar. Það er notað á **páskatíma** og **jól**, sem eru hátíðartímar.*




Rauður

*Rauður táknar eld Heilags Anda, sem er kærleikur Guðs til okkar. Það er notað þegar minnst er **dauda Jesú** af kærleika til okkar. Einnig á hátíð **píslarvottanna**, sem dóu af ást til Jesú, og á **Hvítasunnudegi**.*

Litir kirkjuársins

Málið hvert tímabil í réttum lit



Tengið saman það sem á saman:

Föstudími

við búum okkur undir
þjáningu og dauða Jesú

Aðventa

Jesús er fæddur

Páskatími

við hugleiðum líf Jesú
og kenningar hans

Almennur tími

Jesús deyr
og er upprisinn

Dymbilvika

bíðum eftir Jesúm

Jólatími

við gleðjumst af því
að Jesús er lifandi